

HS Veitur hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbæ

Reykjavík, 13. nóvember 2023
UST202311-090/S.A.J.
08.09.01

Efni: Bráðabirgðaheimild - jarðborun við Árnarétt

Vísað er til erindi HS Veitna hf. til Umhverfisstofnunar, dags. 10. nóvember 2023, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir borun varavatnsbóla við Árnarétt í Suðurnesjabæ, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í erindinu að vegna mögulegra náttúruhamfara á Reykjaneskaga þurfi HS Veitur að koma sér upp varavatnsbólum komi til þess að vatnsbólin í Lágum yrðu óstarfhæf. Við það yrði neysluvatnslaust í Reykjanesbæ, Grindavík, á flugvallar- og varnarsvæðinu og takmarkað aðgengi að vatni í Suðurnesjabæ.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfisstofnun sendi erindið til umsagnar heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Í umsögn heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að fullnægjandi umsókn hafi borist frá HS Veitum hf. Embættið hefur veitt skipulagsyfirlöðum í Suðurnesjabæ jákvæða umsögn um framkvæmdaleyfið og hefur umsækjandi verið upplýstur um umgengnisreglur á vatnsverndarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlitið tekur undir þau sjónarmið HS Veitna hf. um þá brýnu nauðsyn að flýta þessum framkvæmdum eins og kostur i ljósi jarðhræringa við Þorbjörn í Grindavík. Þá hafa sérfræðingar sett fram þá sviðsmynd að vatnsdreifing frá Grindavík raskist eða stöðvist. Fyrirhugaðar jarðboranir gætu því skipt sköpum fyrir dreifingu neysluvatns til Reykjanesbæjar, Keflavíkurflugvallar og Suðurnesjabæjar. Við leyfisveitinguna telur embættið rétt að skilyrða leyfisveitingu við þau starfsleyfisskilyrði til jarðborunar sem fylgdu umsögninni og eftir því almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem framkvæmdin fellur undir lið 2.04 og 10.20 í I. viðauka

laganna. Vegna almannavarnarviðbragðs veitti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið HS Veitum hf. undanþágu frá umhverfismati þann 12. nóvember sl., skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 111/2021, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að málshraði matsskyldufyrirspurna er 7 vikur eftir að fullnægjandi umsókn berst, og jafnframt er 4 vikna umsagnafrestur. Því er ljóst að ef núverandi vatnsból í Lágum verða ónothæf á næstu dögum eða vikum þá myndi málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 hafa skaðleg áhrif á tilgang framkvæmdarinnar. Því eru að mati Skipulagsstofnunar fyrir hendi skilyrði til að veita umbeðna undanþágu en með ákveðnum skilyrðum sem umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið tekur undir.

Þau skilyrði eru:

1. Að heimildin sé veitt til bráðabirgða og háð því að náttúruhamfarir eigi sér stað og að náttúruhamfarir skerði möguleika til vatnsöflunar í Lágum.
2. Vatnsvinnslan sé fyrirhuguðu úr grunnvatnshlotinu Romshvalanes 2 sem sé metið í hættu um að ná ekki umhverfismarkmiðum og því þurfi að koma ákvæði um vöktun í heimildum til framkvæmda og grunnvatnsvinnslu.

Í ljósi framangreinds, það er að fram er komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn og fyrirbyggjandi undanþágu ráðherra frá lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, **fellst Umhverfisstofnun á að veita HS Veitum hf., kt. 431208-0590 bráðabirgðaheimild vegna borunar fyrir varavatnsból við Árnarétt í Suðurnesjabæ**. Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út eða til 13. nóvember 2024 og er háð þeim skilyrðum sem koma fram í heimild þessari.

HS Veitur hf. skulu fara að skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, starfsleyfisskilyrðum vegna jarðborunar frá heilbrigðisnefnd Suðurnesja sem og verklagsreglum vegna framkvæmda á eða í grennd við vatnsverndarsvæði. Skjöl þessi eru auglýst með bráðabirgðaheimildinni og skulu HS Veitur hf. og þeirra verktakar fylgja þeim.

Í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi skilyrði vegna vöktunar á grunnvatnshlotinu Romshvalanes 2 (104-115-2-G) þau eru eftirfarandi.

1. Vakta skal hæð vatnsborðs á svæðinu og tryggja að meðalvatnstaka á ári til langs tíma sé ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk.
2. Vakta skal breytingar á leiðni grunnvatns og mega þær ekki benda til innstreymis saltvatns inn í grunnvatnshlotið.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með starfseminni. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa

Umhverfisstofnun um frávík sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri